



Reykjavík, 10. mars 2019

Framtíðarnefnd forsætisráðherra

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar þær spurningar sem framtíðarnefnd forsætisráðherra hefur lagt fram í tengslum við þróun samfélags, atvinnu-, umhverfis-, byggða- og lýðfræðilegra þátta og áhrif á fjárhagsstöðu ríkisins. Samtökin fagna því að stjórnvöld hugi að framtíðarsýn og mótun langtímastefnu á Íslandi en vilja koma nokkrum atriðum á framfæri varðandi fyrirkomulag nefndarinnar:

- Samtökin fagna því að stjórnvöld hugi að langtímastefnumörkun.
- Að mati samtakanna þarf slík vinna þó að vera markviss og hafa lokatakmark.
- Öðlast þarf betri yfirsýn yfir núverandi stöðu og stefnur stjórnvalda.
- Líta ætti til Norðurlandanna þegar kemur að framtíðarvinnu.

Langtímastefnumörkun er forsenda bættra lífskjara

Þegar kemur að umræðu og stefnumótun í íslensku samfélagi virðist raunin því miður vera sú að langtímastefnumörkun líði í of miklum mæli fyrir dægurþras. Rík tilhneiging er til að leita skyndilausna, en langtímastefna þar sem áhersla er lögð á bættu samkeppnishæfni, og þar með aðstæður til verðmætasköpunar, er grunnforsenda efnahagslegra og samfélagslegra framfara. Það er afstaða samtakanna að grundvöllur bættra lífskjara felist í langtímastefnu þar sem áhersla er lögð á bættu samkeppnishæfni og bætтар aðstæður til verðmætasköpunar. Vinna við gerð slíkra langtímaáætlana er mikilvæg og umræða sem fer fram í tengslum við slíkar áætlanir er til þess fallin að styðja við slíka stefnumörkun.

Samtökin taka heilshugar undir með nefndinni að opinberir aðilar hafi að takmörkuðu leyti reynt að greina með skipulegum hætti líklega þróun til lengri tíma og að slíkar greiningar séu nauðsynlegar til að skapa betri forsendur til að marka stefnu í mikilvægum málum.

Vanhugsuð leið að vænu markmiði

Áður en lagt er af stað í að spá fyrir um framtíðina er mikilvægt að fyrir liggi hver núverandi staða er og fram fari kortlagning þeirra gagna og upplýsinga sem eru til staðar í dag og mat á því hvort þau séu fullnægjandi mælikvarði til að byggja á. Ef ekki verði farið af stað í gagnaöflun eins og nauðsyn þykir. Spár um framtíðina eru ávalt bundnar takmörkunum þeirra gagna og upplýsinga sem eru til staðar hverju sinni.

Framtíðarspár eru bundnar takmörkum fyrirleggjandi gagna og upplýsinga

Dæmi: Færni- og hæfnispár á vinnumarkaði

Opinberar tölur og upplýsingar	
Hvaða gögn og upplýsingar eru til staðar?	
Mannfjöldagögn	✓
Störf eftir atvinnugreina- og starfaflokkun	✓
Menntun íbúa og gögn um skráða nemendur	✓
Atvinnulausir og öryrkjar	✓
Starfapörf í dag	✗
Menntunarpörf í dag	✗
Færni- og hæfnipörf í dag	✗

Vandamál:

Allar spár um þróun til framtíðar eru bundnar takmörkunum þeirra gagna og upplýsinga sem eru til staðar.

Liggi ekki gögn fyrir um núverandi stöðu gefa vangaveltur um framtíðina aðeins takmarkaða mynd.

Afleiðingar á vinnumarkaði:

Ófullnægjandi gögn og upplýsingum gerir aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum erfitt fyrir að aðlaga menntakerfið og vinnumarkaðinn að breyttum aðstæðum.

Án þess að vita þarfir nútímans verður erfitt að spá í framtíðina.

Lausn: Fara að tillögum sérfræðingahóps um færniþörf á vinnumarkaði¹

¹Færniþörf á vinnumarkaði: <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2076/faerni-a-vinumarkadi-web-110518-2.pdf>

Að mati samtakanna er einnig frumforsenda vinnu á borð við þá sem framtíðarnefndin leggur í að hún hafi yfirsýn yfir gildandi stefnur og áætlanir stjórnvalda. Ráðuneytin hafa markað sér langtímastefnur á mismunandi málsviðum, til að mynda fyrirhuguð menntastefna til ársins 2030, aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, heilbrigðisstefna til ársins 2030, stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033, stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023, orkustefna fyrir Ísland og samgönguáætlun til ársins 2033. Ætli stjórnvöld í heild að móta langtímaáætlun og skerpa á framtíðarsýn sinni er að mati samtakanna nauðsynlegt að hefja slíka vinnu með heildaryfirsýn á langtímaáætlanir hvers og eins málaflokks, afmarka stöðuna á þeim málum sem ætlun er að fjalla um, hver stefna stjórnvalda í þeim málum er og hvaða markmið eru fyrir hendi í hverjum og einum flokki.


Þó að samtökin fagni því að hugað sé að langtímastefnumörkun stjórnvalda virðist tilgangur nefndarinnar vera frekar óljós, að kanna mögulega framtíð og ólíkar sviðsmyndir. Án skýrra markmiða eða lokatakmarks er erfitt að sjá hvernig nefndin eigi að þjóna tilgangi, en með þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram virðist ætlun hennar vera að stunda heimspekilegar greiningar í stað þess að stuðla að eða afmarka langtímastefnu stjórnvalda. Spurningarnar sem nefndin hefur lagt fram eru að mati samtakanna of opnar og ómögulegt er að framkvæma fullnægjandi eða marktækar greiningar út frá þeim. Ef ætlun nefndarinnar er að greina líklega

Þróun á Íslandi til lengri tíma þarf að vanda til verka við slíkar greiningar í samstarfi við aðila sem búa yfir sérfræðipækkingu á viðkomandi sviðum.

Leitum ekki langt yfir skammt

Sem stendur er framfærsluhlutfall íslensku þjóðarinnar, þ.e. hlutfall aldurshópa sem ekki eru á vinnualdri af þeim sem teljast á vinnualdri, það lægsta á Norðurlöndunum, en fer hratt hækkandi. Hækkandi framfærsluhlutfall eykur þrýsting á þolmörk ýmissa innviða, að öðru óbreyttu, og kallar það á aðgerðir af hálfu stjórnvalda, svo sem á sviði velferðarmála, menntamála og ríkisfjármála. Hérlandis eru aðgerðir í þessum málum ekki eins aðkallandi og þær eru meðal nágrannaþjóða okkar, en ef spár ganga eftir munum við hins vegar standa uppi með hæsta framfærsluhlutfall Norðurlandanna áður en langt um líður. Hér gefst okkur því færi á að taka mið af því hvernig hinar þjóðirnar hafa kosið að takast á við þær áskoranir sem fylgja breyttum veruleika.

Miðgildi aldurs á Norðurlöndunum



Heimild: Sameinuðu þjóðirnar

Samtökin hvetja til þess að hér sé ekki leitað langt yfir skammt, og lítið sé til þess hvernig nágrannalönd okkar hafa nálgast málefni framtíðarinnar, þar sem þær útfærslur hafa mælst vel fyrir. Í því samhengi má nefna að Danmörk er efst á samkeppnishæfnilista IMD viðskiptaháskólans yfir þau lönd sem eru best í stakk búin að takast á við framtíðina. Sé lítið til landanna í kringum okkur og þeirra vinnu í þessum efnum má sjá að þau eru komin talsvert lengra í að spá fyrir um framtíðarhorfur ásamt því að móta viðeigandi lausnir á hverju sviði fyrir sig.

Framkvæmd í Danmörku

Stjórnvöld í Danmörku skipuðu svokallað straumhvarfaráð (d. *disruption rådet*) í maí 2017. Ráðið var skipað framámönnum úr dönsku viðskiptalífi, aðilum vinnumarkaðarins, sérfræðingum og fulltrúum ungs fólks. Straumhvarfaráðið hafði þann megintilgang að greina, ræða og útbúa tillögur um hvernig þau gætu:

- Tryggt styrkleika Danmerkur, og grípa tækifæri sem tækniþróun felur í sér eins og mögulegt er svo allir Danir fái notið af.
- Viðhaldið og þróað vinnumarkað sem einkennist af öflugum og hagkvæmum tengslum þar sem félagsleg undirboð þrífast ekki.

Þessi megintilgangur ásamt viðfangsefnum, skipulagi og almennu ferli nefndarinnar var skilmerkilega afmarkaður í [verkefnalýsingu](#) sem lögð var fyrir nefndina af stjórnvöldum. Innan ramma þessarar verkefnalýsingu útbjót ráðið sér eftirfarandi takmörk fyrir Danmörku:

- Danmörk verður að halda áfram að vera ein efnaðasta þjóð heims. Danir verða að njóta þeirrar velmegunar og öryggis sem þeir réttilega búast við og opinber þjónusta verður að aðlaga sig að breyttum samfélagsþáttum og með gæði þjónustunnar að leiðarljósi.
- Gera þarf alla að sigurvegurum framtíðarinnar og veita öllum möguleika á því að lifa góðu lífi.

Ráðið fundaði átta sinnum á þessu eina og hálfu ári sem það starfaði. Í kjölfar þessa funda var ráðist í á annað hundrað aðgerðir, ekki aðeins á sviði stjórnmalanna heldur einnig hjá aðilum vinnumarkaðarins sem féllu allar að tilgangi og takmarki ráðsins. Í febrúar á þessu ári gaf ráðið svo út [skýrslu](#) þar sem farið var yfir þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa ráðist í út frá tillögum ráðsins. Í skýrslunni eru síðan útlistaðar þær áskoranir sem Danmörk stendur frammi fyrir, hvernig ríkisstjórnin hefur brugðist við þeim, nýjar aðgerðir byggðar á vinnu ráðsins og yfirlit yfir fjármagn sem úthlutað var til þessara verkefna.

Nú þegar vinnu ráðsins er lokið hefur ríkisstjórnin og ráðið komist að samkomulagi um markmið og mælikvarða til að meta árangur þessa aðgerða. Þessir mælikvarðar verða birtir í árlegri skýrslu dönsku ríkisstjórnarinnar um vöxt og samkeppnishæfni (d. *Redegørelse om vækst og konkurrenceevne*). Á grundvelli þeirra mælikvarða verður síðan metið hvort tilefni sé til endurmats eða úrbóta á aðgerðunum. Þá mun straumhvarfaráðið áfram hittast einu sinni á ári til að ræða og greina tækifæri sem tæknibreytingar bjóða upp á hverju sinni.

Framkvæmd í Finnlandi




Framtíðarnefnd finnska þingsins var stofnuð tímabundið árið 1993 en síðar gerð ein af fastanefndum þingsins árið 2000. Nefndin var stofnuð til að þróa ákveðið „framsýniskerfi“ fyrir finnsku þjóðina í kjölfar efnahagskreppunnar sem gekk þar yfir árið 1990. Nefndin er nú skipuð 17 þingmönnum og er vettvangur fyrir samræður um framtíðaráskoranir milli flokka og við

ríkisstjórnina. Á hverju kjörtímabili skilar ríkisstjórnin skýrslu til þingsins um framtíðarhorfur og markmið stjórnvalda í þeim efnum sem þingið tekur til umræðu innan framtíðarnefndarinnar.

Verkferlið að baki framtíðarskýrslunni er skýrt. Horft er til næstu 10-20 ára og er tilgangurinn að varpa ljósi á líklega þróun og setja fram markmið og mögulegar leiðir fyrir stjórnvöld að þeim. Skýrslurnar draga því fram sýn ríkisstjórnarinnar á hvernig æskileg framtíð lítur út og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar með hana fyrir augum. Eðli málsins samkvæmt hefur verkferlið tekið breytingum frá því að nefndin var fyrst stofnuð. Nýjasta skýrslan frá 2013 ber þess merki en hún er sú fyrsta sem unnin er með hliðsjón af öðrum aðgerðaráætlunum ríkisstjórnarinnar.

Þá er auk þessa starfræktur samráðsvettvangur allra hagsmunaaðila og sérfræðinga með það að markmiði að örva umræðu og rannsóknir til þess að hægt sé að bregðast betur við fyrirséðum áskorunum. Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á þeirri samhæfingu en samráðsvettvangurinn samanstendur af ráðuneytum, háskólum, stofnunum, einkaaðilum, sveitarfélögum o.fl. Þessi vinna er einnig hugsuð sem stuðningur við ákvarðanatöku annarra aðila en ríkisstjórnarinnar er varða framtíðarhorfur. Nefndin vinnur nær ekkert að frumvörpum, heldur skilar hún inn álitum og skýrslum sem snúa að framtíðarþróun innan sérsviða annarra fastanefnda.

Samanburður á framtíðarvinnu stjórnvalda

Ríki	Markmið	Yfirsýn	Aðgerðir	Árangur
 Danmörk	✓	✓	✓	✓
 Finnland	✓	✓	✓	✓
 Ísland	✗	✗	✗	✗

Skýring:
Skýrt markmið og lokatakmark með framtíðarvinnu stjórnvalda.

Skýring:
Forsenda framtíðarvinnu er yfirsýn yfir núverandi stöðu ásamt stefnu stjórnvalda.

Skýring:
Lagt upp með að framtíðarvinnu fylgi markvissar aðgerðir sem tryggja framsýni í stjórnkerfinu.

Skýring:
Markmið, yfirsýn og aðgerðir miði að mælanlegum árangri sem auki hagsæld og bæti lífsskjör.

Heimildir: Disruptionráðet og Tulevaisuusvaliokunta

Samantekt

Samtökin telja nauðsynlegt að markmið nefndarinnar sé betur skilgreint og að henni verði falið að stuðla með markvissari hætti að mótun langtímastefnu sem á endanum stuðlar að aukinni hagsæld Íslendinga.

Þá telja samtökin að til þess að langtímastefnumörkun eigi að skila sem mestum árangri sé nauðsynlegt að fá fleiri aðila að borðinu með beinum hætti. Í því samhengi telja samtökin að nauðsynlegt sé að slík stefnumörkun og greining fari fram á þverpólítískum og þverfaglegum vettvangi líkt og tíðkast í nágrannalöndum okkar, en slíkt fyrirkomulag var viðhaft hjá Samráðsvettvangi um aukna hagsæld. Að þeim vettvangi komu formenn allra stjórnmalaflokka á Alþingi, helstu hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, fulltrúar háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og stjórnendur fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Slíkt fyrirkomulag stuðlar að því að fjölbreytt þekking og kunnátta, ásamt ólíkum sjónarmiðum, komi að borðinu og skili þannig sem bestri niðurstöðu fyrir allrahag.

Samtökin hvetja til þess að litið sé til nágrannalanda okkar við þá vinnu sem framundan er. Ljóst er að hlutverk hins danska straumhvarfaráðs var að undirbúa Danmörku undir framtíðina. Það sama má segja um framtíðarvinnu stjórnvalda í Finnlandi, en í nýlegri [skýrslu](#) þeirra segir: *“Rather than predicting what will happen in the future, the purpose of the futures work is to help us prepare for different trends and take a critical look at the decisions we make today from the perspective of these potential changes.”*

Samtökin fagna því að stjórnvöld á Íslandi skuli huga að framtíðinni enda telja þau mikilvægt að langtímahugsun sé við lýði í íslenskum stjórnmalum. Þó að spár um framtíðina geti verið mjög gagnlegar er engu að síður mikilvægast að líta inn á við og svara því hvort nútíðin sé undir framtíðina búin. Svarið við þeirri spurningu á Íslandi liggur í augum uppi. Hvort sem litið er til rafrænnar stjórnsýslu, rafrænnar heilbrigðisþjónustu, menntakerfisins eða vinnumarkaðarins þá bera þessir þættir mörg einkenni úreltra kerfa sem hefta eðlilega framþróun. Hversu vel Íslandi mun takast að takast á við framtíðina mun ekki ráðast á því hversu vel við náum að spá fyrir um hana enda sýnir reynslan að jafnvel vel unnar spár, einkum til lengri tíma, eru oftast en ekki rangar. Hversu vel tiltekst mun hins vegar ráðast af því hversu aðlögunarhæft samfélagið verður að breyttum veruleika til skemmri og lengri tíma.

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands leggja til að framtíðarnefndin taki mið af ofangreindum athugasemdum og að vinna nefndarinnar sé aðlöguð í þá átt sem tíðkast hefur á Norðurlöndunum á undanförunum árum. Þá bjóða samtökin fram sína krafta við þá vinnu.

Virðingarfyllst,

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Agl Eir Vilhjálmsdóttir

Agl Eir Vilhjálmsdóttir
f.h. Viðskiptaráðs Íslands

TRYGGVI MÁSSON

Tryggvi Másson
f.h. Samtaka atvinnulífsins